



Hægir verulega á hagvexti á þriðja ársfjórðungi

Samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar mældist hagvöxtur 2,6% á þriðja ársfjórðungi borið saman við mun kröftugri hagvöxt á fyrstu tveimur ársfjórðungum. Þannig mældist 6,7% hagvöxtur á öðrum ársfjórðungi og 5,9% hagvöxtur á fyrsta ársfjórðungi. Alls mældist 6,3% hagvöxtur á fyrri árhelmingi og 5% á fyrstu þremur fjórðungum ársins.


Hagvaxtartölurnar nú á þriðja ársfjórðungi koma í sjálfu sér ekki á óvart. Flestir spáaðilar hafa verið að gera ráð fyrir að hagvöxtur yrði töluvert minni yfir árið í heild en hann var á fyrri hluta ársins. Til að spár gangi upp þarf hagvöxtur að verða töluvert minni á þriðja og fjórða ársfjórðungi en á fyrri hluta ársins. Í nýlegri þjóðhags- og verðbólguþáttum okkar spáðum við 3,9% hagvexti yfir árið í heild. Til að það gangi upp þarf hagvöxtur á fjórða ársfjórðungi að vera rétt undir 1%. Opinberar hagvaxtarspár fyrir árið í heild liggja á bilinu 3,2% og upp í 4,6%.

Hagvöxtur borinn af vexti einkaneyslu og útflutnings


Hagvöxtur á þriðja ársfjórðungi var borinn af vexti einkaneyslu og útflutnings. Framlag fjármunamyndunar hefur oft reynst töluvert mikið en að þessu sinni var framlagið neikvætt og skýrist það að mestu leyti af neikvæðu framlagi atvinnuvegafjárfestingar sem er stærsti liðurinn innan fjármunamyndunar.

Hægir á vexti einkaneyslu


Vöxtur einkaneyslu á yfirstandandi hagvaxtarskeiði náði hámarki í 9,8% á öðrum fjórðungi síðasta árs. Stöðugt hefur dregið úr vextinum frá þeim tíma fyrir utan þriðja ársfjórðung á þessu ári. Þannig mældist meiri vöxtur einkaneyslu nú á þriðja ársfjórðungi en öðrum ársfjórðungi. Vöxturinn á þriðja ársfjórðungi mældist 5,3% borið saman um 5% vöxt á öðrum fjórðungi. Kröftugur vöxtur einkaneyslu á þriðja ársfjórðungi kemur nokkuð á óvart og er þvert á þróun greiðslukortaveltunnar sem verulega hefur



Vöxtur frá sama tímabili árið áður
Heimild: Hagstofa Íslands



Heimild: Vefsíða viðkomandi stofnunar.



Vöxtur frá sama tímabili árið áður
Heimild: Hagstofa Íslands




hægt á síðustu mánuði. Þetta er í fyrsta skiptið síðan á fyrsta ársfjórðungi 2013 sem einkaneyslan er að vaxa meira en greiðslukortavelta innlendra aðila. Spá okkar fyrir árið í heild gerir ráð fyrir að vöxtur einkaneyslu verði 4,3% yfir árið í heild. Til að það gangi upp þarf vöxtur einkaneyslu að vera einungis 1,4% á fjórða ársfjórðungi og skera sig þannig verulega frá vexti einkaneyslu á fyrstu þremur fjórðungum ársins.

Fyrsti samdráttur í fjármunamyndun síðan á öðrum ársfjórðungi 2014


Fjármunamyndun dróst saman um 5,6% á þriðja ársfjórðungi sem er fyrsti samdrátturinn síðan á öðrum ársfjórðungi 2014. Samdrátturinn skýrist að mestu leyti af stærsta liðnum innan fjármunamyndunar, þ.e. atvinnuvegafjárfestingu. Atvinnuvegafjárfesting dróst saman um 10,7% sem er mesti samdráttur hennar síðan á öðrum ársfjórðungi 2014. Vöxtur íbúðarfjárfestingar var einnig neikvæður en vöxtur opinberrar fjárfestingar var nokkuð kröftugur eða 14,5%.

Vöxtur vöruútflutnings 5,1% á þriðja ársfjórðungi

Vöxtur útflutnings nam 5,1% á þriðja ársfjórðungi og kom sá vöxtur í kjölfar samdráttar upp á 1,1% á öðrum ársfjórðungi. Vöxtur þjónustu bar uppi vöxt vöruútflutnings á þriðja ársfjórðungi líkt og verið hefur reglan á síðustu misserum en ferðaþjónustan hefur sett mikið mark sitt á vöxt útflutnings hér á landi á síðustu árum. Vöxtur þjónustu nam 7,5% á þriðja ársfjórðungi og var framlag ferðaþjónustu jákvætt á fjórðungnum en framlag annars liðar var þó stærra að þessu sinni. Framlag vegna tekna af hugverkaréttindum reyndist þannig nokkuð meira en framlag ferðaþjónustu og er þá átt við bæði framlag ferðalaga og framlag farþegaflutninga með flugi. Vöxtur vöruútflutnings nam 1,1% og var hann fyrst og fremst borinn uppi af stóriðju og almennum útflutningi.



Vöxtur frá sama tímabili árið áður
Heimild: Hagstofa Íslands



Vöruútflutningur
Þjónustuútflutningur
Heildarútflutningur
Heimild: Hagstofa Íslands



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.